



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 6. tbl. 2026

Þjónustu- og atvinnusókn á Vesturlandi

Vífill Karlsson

Á Vesturlandi sóttu íbúar Hellissands mest þjónustu út fyrir heimabyggð, en íbúar Akraness, Borgarness og Stykkishólms minnst (Mynd 1). Íbúar Búðardals, Grundarfjarðar og Ólafsvíkur komu næst á eftir íbúum Hellissands. Af þéttbýlisstöðum dróst þjónustusókn mest saman syðst á Vesturlandi en jókst mest í Ólafsvík og í dreifbýli Dalanna (Mynd 2). Á Vesturlandi var atvinnusókn utan búsetusvæðis, mest á Akranesi.

Inngangur

Byggðastofnun hefur tvisvar sinnum kannað þjónustusókn landsmanna eftir búsetu (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018; Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026). Í síðari könnuninni var einnig safnað upplýsingum um atvinnusókn. Í þessari Glefsu er sjónum beint að þéttbýlisstöðum á Vesturlandi. Niðurstöðurnar eru meðal annars settar fram með bóluritungum þar sem hver bóla táknar einn þéttbýlisstað. Bláar bólur sýna staði á Vesturlandi en stærð hvernar bólu endurspeglar íbúafjölda viðkomandi staðar. Á lárétta ásnum er sýnd fjarlægð frá Reykjavík, en á lóðrétta ásnum er umfang þjónustu- og atvinnusóknar út fyrir heimabyggð. Gögn yfir höfuðborgarsvæðið var ekki safnað. Gagnasöfnun í nýrri könnuninni var árið 2024 (febrúar til desember) en 2016 í hinni eldri.


Í bæði hagfræðilegum og félagsfræðilegum kenningum hefur verið fjallað ítarlega um samspil sterkra þjónustukjarna og nærliggjandi byggðarlaga, þar sem þau síðarnefndu eru gjarnan smærri þéttbýlisstaðir og dreifbýli. Í þessum kenningum er meðal annars lögð áhersla á hlutverk stærstu þéttbýlisstaðanna sem miðstöðva fyrir víðfeðm landsvæði. Þeir gegna mikilvægu hlutverki sem markaðir fyrir vörur og þjónustu frá minni samfélögum og veita jafnframt fjölbreytta þjónustu sem erfitt eða óhagkvæmt er að bjóða í smærri byggðarlögum, sérstaklega sérhæfðari þjónustu.

Vinumarkaðurinn hefur áþekkt einkenni. Fólk velur oft að búa í smærri samfélögum vegna lífsgæða, svo sem meiri kyrrðar og nálægðar við náttúruna og til að forðast umferðarteppur, svifryksmengun og glæpi. En slíkt val kallar oft á lengri ferðalög til vinnu. Á síðustu árum hafa hins vegar aukin útbreiðsla netverslunar og vaxandi


möguleikar á óstaðbundnum störfum breytt þessum forsendum. Þessi þróun hefur auðveldað fólki að velja sér búsetu fjarri stærstu þjónustukjörnum og vinnumörkuðum án þess að skerða eins mikið aðgengi að atvinnu eða þjónustu eins og fyrr hefði verið.

Þjónustusókn

Þjónustusókn utan þjónustusvæði¹ í þéttbýli á Vesturlandi árið 2024 var minnst á Akranesi (8%), Borgarnesi (9%) og Stykkishólmi (11%) en mest á Hellissandi (70%) (Mynd 1). Mikill munur var á Hellissandi og Búðardal þar sem þetta hlutfall var næst hæst á Vesturlandi, 38%. Þá var þetta hlutfall 30% í Ólafsvík og 24% í Grundarfirði.



Mynd 1. Þjónustusókn utan þjónustusvæðis 2024.



Mynd 2. Breyting á þjónustusókn milli 2016 og 2024.

Samkvæmt tölum fyrri þjónustukönnunar jókst hlutfall þeirra sem sóttu þjónustu út fyrir sitt þjónustusvæði frekar


¹ Umfjöllun um þjónustu- og búsetusvæði er í skýrslu Byggðastofnunar (Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 6-7).



á norðanverðu Vesturlandi (appelsínugulir og rauðir fletir) á þeim stöðum sem gögnin náðu til en lækkaði á því sunnanverðu (gulir og grænir fletir) (Mynd 2 og Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir, 2026, bls. 184-185).


Atvinnusókn

Nú verður fjallað um atvinnusókn utan búsetusvæðis á Vesturlandi (Mynd 3). Á sunnanverðu Vesturlandi sóttu hlutfallslega flestir atvinnu utan síns búsetusvæðis, 37,4% á Akranesi og 20,2% í Borgarnesi. Þetta er algjör viðsnúningur frá þjónustusókninni. Þessi hlutföll voru miklu lægri á norðanverðu Vesturlandi þar sem það var 11,2% í Ólafsvík, 10,5% í Grundarfirði, 5,7% í Stykkishólmi, 5,6% í Búðardal og 0% á Hellissandi.



Mynd 3. Atvinnusókn utan búsetusvæðis 2024.

Á sunnanverðu Vesturlandi voru umrædd hlutföll í hærri kantinum en ekki þau hæstu á landsbyggðinni en hæst voru þau á Eyrbakka (80%), Vogum (74%), Garði (70%) og Stokkseyri (67%).



Mynd 4. Atvinnusókn utan sveitarfélags 2023.

Svipaðar tölur, með annarri framsetningu, eru í niðurstöðum Íbúakönnunar landshlutanna 2023 (Mynd 4 og Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir, 2024). Þar eru t.d. Akranes og Hvalfjarðarsveit saman og þar kemur fram að 41% íbúa þess svæðis sækja vinnu utan síns sveitarfélags en þar af 22% til höfuðborgarsvæðisins. Á Borgarfjarðarsvæði sótti 16% atvinnu utan síns sveitarfélags og þar af 6% til höfuðborgarsvæðisins.

Á Snæfellsnesi sótti 12% vinnu utan síns sveitarfélags, þar af 3% til höfuðborgarsvæðisins. Í Dölunum voru þessar tölur 13% og 5%. Þegar landið var flokkað eins og í íbúakönnuninni (yfirleitt stærri svæði) þá voru Vogar og Akranes og Hvalfjörður með hæsta hlutfall íbúa starfandi utan síns sveitarfélags.

Vangaveltur

Öldulaga leitniðlínur (brotalínurnar) féllu best að gögnum Byggdastofnunar bæði hvað varðar þjónustu og atvinnusókn. Það bendir til að þrjú nokkuð landfræðilega sjálfstæð efnahagssvæði (héruð) séu hérlandis og að áhrifsvæðin séu innan 50-100 km (+/-) radíuss frá héraðskjarnanum. Í fyrsta lagi stór-höfuðborgarsvæðið þar sem Reykjavík er héraðskjarni, í öðru lagi Norðurland eystra og Akureyri héraðskjarni og í þriðja lagi Austurland en Egilsstaðir og Reyðarfjörður báðir héraðskjarnar; Egilsstaðir fyrir þjónustu og Reyðarfjörður fyrir atvinnusókn. Við nánari skoðun mátti greina fjórða svæðið en gögn þess féllu saman við gögn Norðurlands eystra. Það eru Vestfirðir og Ísafjörður héraðskjarni þess. Frekari rýni á Mynd 1 og Mynd 3 sýndi að vinnumarkaðurinn er miklu háðari þessum héraðskjörnum en vöru- og þjónustumarkaðurinn. Það sést á því að þær byggðir sem eru á milli héraðskjarnanna sækja lítið vinnu annað. Ferðakostnaður á trúlega stóran þátt í þessu því atvinnusókn kallar á tíðari ferðalög en þjónustusókn. R^2 rennir líka stöðum undir þá tilgátu. R^2 má túlka sem hlutfallstölu (og getur verið á bilinu 0-100%) sem lýsir því hversu vel brotalínan endurspeglar raungögnin (bólurnar). Í mynd 1 er R^2 5% en 45% í mynd 3.

Heimildir

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018). Þjónustukönnun Vesturland. Sótt á: <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun-2018/2-vesturland-loka.pdf>

Vífill Karlsson og Hrafnhildur Tryggvadóttir. (2024). Íbúakönnun landshlutanna 2023: Íbúar og mikilvægi búsetuskilyrða. *Deigla*, 1(1), 1-159. Sótt á: <https://ssv.is/wp-content/uploads/2024/06/Ibuakonnun-landshlutanna-2023-nidurstodur.pdf>

Þorkell Stefánsson og Hanna Dóra Björnsdóttir. (2026). Þjónustukönnun fyrri hluti: Vinnu- og þjónustukönnun. Sótt á: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun_fyrri.pdf